

1996. – 1066 ár frá stofnun Alþingis.
121. löggjafarþing. – 145. mál.

336. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum.

Frá 2. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Frumvarp þetta er hluti af ýmsum skattalagabreytingum ríkisstjórnarinnar sem margar orka mjög tvímælis eða eru beinlínis fráleitar. Það á t.d. við um lækkun endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna vinnu við íbúðarbyggingar og viðhald og endurbætur á íbúðarhúsnæði. Tekjuöflunin samkvæmt þessu frumvarpi er sérstaklega merkt lækkun vörugjalda og þar með er skattbyrði að færast frá neyslusköttum yfir í launatengd gjöld.

Að hinu leyti er uppgefin ástæða sú að ríkisstjórnin hafi í vor ákveðið að samræma tryggingagjald milli atvinnugreina, þ.e. hækka gjaldið á þær útflutnings- og framleiðslugreinar sem verið hafa í lægra þrepi og lækka hinar. Það er út af fyrir sig eðlilegt sjónarmið að stefna að slíkri samræmingu en á hitt ber að líta að með þessu færist þunginn af greiðslunum yfir á mannaflsfrekar framleiðslugreinar. Spurningin er einnig á hvaða grundvelli slík samræming eigi að vera, hvort miða eigi við hlutfall af launagreiðslum eða e.t.v. eitthvað annað. Loks verður að horfast í augu við að breytingin íþyngir verulega þeim greinum sem taka á sig hækkunina en ekki er þar með sagt að þær séu vel í stakk búnar til að mæta slíku. Það á a.m.k. hvorki við um fiskvinnsluna né landbúnaðinn.

Annar minni hluti telur afar óvarlegt að standa svona að þessum breytingum og lýsir allri ábyrgð af því á hendur ríkisstjórninni.

Yfirlýsingar um tengsl þessa máls við EES-samninginn hafa verið afar misvísandi. Gefið var í skyn af hálfu ríkisstjórnar að nauðsynlegt væri að samræma tryggingagjald á allar greinar vegna athugasemda frá ESA. Þetta var síðan dregið til baka.

Ástæða er til að vara við lækkun atvinnuleysistryggingagjalds og samsvarandi hækkun almenna tryggingagjaldsins sem frumvarpið felur einnig í sér. Því miður er með öllu óvíst hvort sú tímabundna minnkun atvinnuleysis sem lögð er til grundvallar áætlun um minni fjárförf atvinnuleysistryggingasjóðs verður varanleg.

Þá er 2. minni hluti andvígur a-lið 2. tölul. í breytingartillögum meiri hlutans á þskj. 325 um að taka Staðlaráð og Icepro inn í þennan gjaldstofn. Eðlilegast er að fjárveitingar til slíkra hluta komi af fjárlögum ef ríkið kostar þá eða styrkir.

Annar minni hluti tekur hins vegar ekki afstöðu til b-liðar 2. tölul. í breytingartillögum meiri hlutans sem felur í sér að gjaldstofn tryggingagjalds verði breikkaður þannig að hluti launagreiðenda í lífeyrissjóðsiðgjöldum verði að fullu tekinn inn í stofninn.

Alþingi, 12. des. 1996.

Steingrímur J. Sigfússon.

Fylgiskjal I.

Umsögn Bændasamtaka Íslands.
(22. nóvember 1996.)

Vísað er til bréfs yðar dags. 13. nóvember sl. þar sem leitað er umsagnar um frumvörp til laga um breytingu á lögum nr. 113/1990 um tryggingagjald og lögum nr. 50/1984, um lífeyrissjóð bænda.

Stjórn Bændasamtaka Íslands mótmælir harðlega hækkun þeirri á tryggingagjaldi á landbúnaðinn, sem fyrrnefnda frumvarpið boðar.

Bændur, einkum sauðfjárbændur, hafa á undanförnum árum tekið á sig stórfelldari kjaraskerðingu en nokkur önnur stétt í landinu. Frumvarpið gerir ráð fyrir að tryggingagjaldið hækki í jöfnum áföngum úr 3,55% í 5,5% til aldamóta. Lauslega áætlað þýðir þetta 80-100 millj. kr. auknar árlegar álögur á greinina þegar hækkunin er öll komin fram. Þær munu einfaldlega koma fram sem kjaraskerðing bænda, þar sem verðlag á búvörum ræðst meir og meir af markaðsaðstæðum og samkeppnisstaðan gefur ekki svigrúm til að velta auknum álögum út í verðlagið.

Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram, að svigrúm sé til að lækka gjald til Atvinnuleysistryggingasjóðs úr 1,5% í 1,35%. Mismuninn, þ.e. 0,15%, á að nota til að veða á móti lækkun vörugjalda. Það er í það minnsta umhugsunarefni, hvort skynsamlegt sé að færa þannig til skattheimtu frá neysluskatti yfir á atvinnurekstur.

Bændur hafa undanfarin fimm ár greitt tryggingagjald og þ.m.t. atvinnuleysistryggingagjald án þess að njóta viðhlítandi réttinda í þeim sjóði. Á vegum félagsmálaráðherra er nú verið að vinna tillögur, sem bændur binda vonir við að ráði bót á þessu, en takist ekki að ná slíkum úrbótum fram, verður ekki hjá því vikist að taka til sérstakrar athugunar greiðslu bænda á atvinnuleysistryggingagjaldi.

Með frumvarpinu um Lífeyrissjóð bænda er verið að framlengja ótímabundið það fyrirkomulag sem verið hefur um nokkur ár, að ríkissjóður greiðir framlag vegna þeirra sem fæddir eru árið 1914 eða fyrr og er það í samræmi við breytingu sem fyrirhuguð er á lögum nr. 113/1994 um eftirlaun til aldraðra, að því er fram kemur í umsögn fjármálaráðuneytis.

Stjórn Bændasamtaka Íslands lýsir ánægju með frumvarpið með þeim skilningi að ríkissjóður greiði framlagið að fullu eins og verið hefur og fjárlagafrumvarp 1997 gerir ráð fyrir.

Virðingarfyllst,
f.h. Bændasamtaka Íslands,
Sigurgeir Þorgeirsson, framkvæmdastjóri.

Fylgiskjal II.

Umsögn Samtaka fiskvinnslustöðva. (22. nóvember 1996.)

Tilgangur frumvarpsins, svo sem fram kemur af athugasemdum með því, er tvíþættur. Annars vegar er um að ræða tilflutning milli atvinnuþryggingargjalds og almenns tryggingargjalds, og hins vegar að samræma gjaldhlutfall milli atvinnugreina á næstu fjórum árum.

Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að tilflutningur á 0,15% af gjaldstofni frá atvinnuþryggingargjaldi til tryggingargjalds muni nema sem svarar 350 millj. kr. Tilflutningurinn er réttlættur með því að fjárþörf Atvinnuleysistryggingarsjóðs sé minni en áætlað var. Samtök fiskvinnslustöðva mótmæla því harðlega að verið sé að hækka tryggingargjald til að bæta ríkissjóði tekjumissinn af óskyldum tekjustofni. Tryggingargjald er afmarkaður tekjustofn sem ætlaður er til afmarkaðra verka og kemur þar vörugjald hvergi við sögu.

Í fréttatilkynningu frá fjármálaráðuneytinu frá 25. júní sl. var skýrt frá viðræðum milli íslenskra stjórnvalda og Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) um samræmingu tryggingargjalds á Íslandi. Mun stofnunin hafa látið í ljós það álit að mismunandi álagning tryggingargjalds geti talist ríkisstyrkur til þeirra atvinnugreina sem eru í lægra gjaldflokki.

Samtök fiskvinnslustöðva skrifuðu ráðuneytinu og fóru fram á skýringar á áliti Eftirlitsstofnunar EFTA. Í svarbréfi fjármálaráðuneytis kemur fram að þessi fyrirhugaða hækkun tryggingargjalds á sjávarútveg er alfarið innlend pólitísk ákvörðun og réttlætt með því að óeðlilegt sé að láta skattheimtu eins og tryggingargjald hafa áhrif á innbyrðis stöðu atvinnustarfsemi í landinu.

Gangi þessi hækkun tryggingargjalds eftir mun hún leiða til 220 milljóna króna beinnrar útgjaldahækkunar hjá fiskvinnslunni á næstu þremur árum, þar af kemur um helmingur til framkvæmda á rúmlega einu ári. Hækkun tryggingargjalds leggst með misjöfnum þunga á einstakar greinar fiskvinnslunnar og vegur hækkunin lang þyngst í botnfiskvinnslu þar sem vinnulaunakostnaður er hlutfallslega hæstur og verður þetta ekki til að bæta stöðu hennar. Fyrir sjávarútveginn í heild leiðir þessi hækkun til 640 milljóna króna útgjaldaauka þegar hún er kominn til framkvæmda.

Þegar hækkunir verða á gjöldum sem þessum eiga sumar atvinnugreinar möguleika á að velta þeim yfir í útselda þjónustu. Slíkt er ekki mögulegt í fiskvinnslu þar sem verð fyrir sjávarafurðir ræðst á erlendum mörkuðum, óháð meintri réttlætiskennnd ráðamanna á Íslandi.

Nái þessar hækkunir fram að ganga er ekki ólíklegt að þær leiði til allt að 400 -500 milljóna króna kostnaðarauka fyrir fiskvinnsluna í heild á ári að teknu tilliti til afleiddra hækkana á keyptu hráefni og þjónustu sem í dag greiðir lægra gjaldið.

Við erum að keppa við ríkisstyrktan sjávarútveg í Evrópusambandinu og þar virðast þessi mál ekki vefjast fyrir mönnum. Í mörg ár hefur dönsk fiskvinnsla ásamt öðrum útflytjendum fengið endurgreidd álögð tryggingargjöld o.fl. frá danska ríkinu án þess að það hafi gefið tilefni til kvartana frá Brussel. Þar í landi, eins og meðal flestra þjóða sem byggja tilvist sína á milliríkjavíðskiptum, þykir það sjálfsagt að renna sem flestum stoðum undir útflutningsatvinnuvegina.

Það er síðan alveg sérstakur kapítuli út af fyrir sig að ríkisvaldið skuli nú rétt við upphaf kjaraviðræðna á almennum vinnumarkaði ætla sér hlut í hugsanlegri hækkun launa. Munurinn er sá að það sem samningamenn verkalýðsfélaganna ætla sér að ná með kjarasamningum hyggst ríkivaldið ná með lagasetningu áður en aðrir komast að borðinu.

Samtök fiskvinnslustöðva hafna öllum hugmyndum um hækkun tryggingargjalds á sjávarútveg.

Virðingarfyllt,
f.h. Samtaka fiskvinnslustöðva,
Ágúst H. Elíasson.

Fylgiskjal III.**Umsögn Landssambands íslenskra útvegsmanna.
(9. október 1996.)**

Við er til bréfs efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis dags. 13. nóvember 1996 þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald með síðari breytingum.

Samtök útvegsmanna mótmæla harðlega áformum ríkisstjórnarinnar um að hækka tryggingagjald á sjávarútveginn, eins og kveðið er á um í umræddu frumvarpi.

Þessi ákvörðun felur í sér að sjávarútveginum og þau byggðarlög, sem byggja afkomu sína á greininni verður íþyngt sérstaklega undir því yfirskyni að um sérstaka jöfnun sé að ræða. Hér er hinsvegar ekki um neina jöfnun að ræða heldur er verið að íþyngja sjávarútveginum sérstaklega umfram verslunar- og þjónustugreinar. Miðað við gjaldstofn greinarinnar árið 1995 þýðir þetta 645 milljón króna hækkun tryggingagjalda á sjávarútveginn miðað við heilt ár þegar hækkunin hefur komið fram að fullu.

Ef jafna á tryggingagjald milli atvinnugreina er eðlilegt að gera það með því að hver vinnuveitandi greiði sama gjald fyrir unna vinnuviku. Þá yrði gjaldtakan í samræmi við kostnað af hverjum launþega. Nú greiðir útgerðin 2.238.- fyrir hverja vinnuviku meðan verslunin greiðir kr. 2.183.- Þessi niðurstaða liggur fyrir þótt útgerðin greiði 3,55% af launum en verslunin 6,85%. Miðað við fyrirhugaðar jöfnunaraðgerðir stjórnvalda mun útgerðin greiða kr. 3.470.- fyrir hvern launþega á viku en verslunin kr. 1754.- Þetta getur ekki talist jöfnun miðað við að hver launþegi fær sömu krónutölu í bætur frá lífeyristryggingum og í atvinnuleysisbætur. Þvert á móti er í umræddu frumvarpi stefnt að grófum ójöfnuði milli atvinnugreina.

Til frekari skýringa skal bent á að launagreiðslur útgerðar eiga sér enga hliðstæðu í launakerfum hér á landi. Þar er um að ræða hlutaskipti þar sem útgerð og sjómenn skipta með sér aflaverðmæti. Aukin hlutfallsleg gjöld á hlut útgerðar skekkja því hlutaskiptin og valda varanlegum breytingum á skiptum milli útgerðar og sjómanna.

Á þessu ári hefur ríkisstjórnin lagt á sjávarútveginn nýja skatta sem nema um 630 milljónum króna. Er þar um að ræða 500 milljón króna framlag í Þróunarsjóð og 130 milljónir króna til Tryggingastofnunar ríkisins í formi sérstaks launaskatt er nemur 0,65% af greiddum launum.

Þessar nýju byrðar munu fyrirsjáanlega valda ómældu tjóni á atvinnustarfsemi á landsbyggðinni, sem í dag á víða í vök að verjast.

Þess er eindregið farið á leit við Alþingi að horfið verði frá þessum hugmyndum og öllum atvinnurekstri verði gert að greiða sama gjald til þess að standa undir útgjöldum vegna lífeyristrygginga og atvinnuleysisbóta.

Fyrir liggur að kostnaðarauki sjávarútvegs mun aukast meira en fram kemur hér að framan því nú er gert ráð fyrir að hækka tryggingagjaldið á alla þjónustu við sjávarútvegsinn svo og framleiðsluðnaðinn. Vafalítið munu þessir aðilar freista þess að velta þessum gjaldahækkunum yfir á sjávarútveginn eigi þeir þess kost og samkeppnisaðstæður leyfa.

Það er eindregin ósk samtakanna að afgreiðslu umrædds frumvarps verði frestað og jafnframt hafinn undirbúningur að því að móta innheimtukerfi, sem byggir á raunverulegum jöfnuði þ.e. að greitt sé sama gjald fyrir hvern starfsmann. Jafnframt er það krafa samtakanna með hliðsjón af aflahlutakerfi sjómanna að þeim verði gert að bera hluta af tryggingagjaldi þannig að tryggingagjaldið verði utan hlutaskipta.

Virðingarfyllt,
f.h. Landssambands ísl. útvegsmanna,
Kristján Ragnarsson.